

Samruni SÍA IV slhf., Stefnis hf. og Internets á Íslandi ehf.

- Ákvörðun þess er vegna samrunatilkynningar SÍA IV slhf. og Stefnis hf. („SÍA“) um kaup félagsins á meirihluta hlutafjár Internets á Íslandi ehf. („ISNIC“). Í kjölfar móttöku samrunatilkynninga, og tilkynningar SÍA hinn 4. febrúar 2025 um að skilyrði kaupsamnings um ákvörðun kaupverðs hefði verið fullnægt, upplýsti Samkeppniseftirlitið hinn 5. febrúar sl. að lögbundnir frestir til rannsóknar á samrunanum hefðu byrjað að líða þann sama dag, sbr. 17. gr. d. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með ákvörðun þessarar dags. 27. febrúar 2025 lýkur meðferð samrunamálsins án frekari rannsóknar eða ihlutunar.
- Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Líkt og fram kemur í samrunaskrá var hinn 7. janúar 2025 undirritaður kaupsamningur á milli SÍA og tiltekinna hluthafa í ISNIC, sem seljenda, um kaup SÍA IV 74% hlutfjár félagsins. Mun SÍA því öðlast yferráð yfir félaginu í kjölfar fyrirhugaðra viðskipta. Samkvæmt framangreindu fela kaupin í sér samruna í skilningi 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.
- Samkvæmt lögum um íslensk landshöfuðlén nr. 54/2021 eigi ríkissjóður forkaupsrétt að öllum hlutum í félaginu og hlutabréfum þeirra lögaðila sem eiga bréf í ISNIC. Ríkissjóði var boðinn forkaupsréttur á grundvelli ákvæðisins með bréfi hinn 16. október 2024, í samræmi við I. bráðabirgðaákvæði ofangreindra laga. Með bréfi ríkisins dags. 13. desember 2024 var því formlega lýst yfir af hálfu ríkisins að það félli frá forkaupsrétti. Hinn 31. janúar sl. staðfesti samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, hið nýja ráðuneyti fjarskiptamála og landshöfuðléns, að áður nefnd ákvörðun HVIN f.h. ríkisins um að neyta ekki forkaupsréttar stæði óhögguguð vegna ofangreinds þrátt fyrir breytingu á störfum ráðherra og skipulagi ráðuneyta samkvæmt forsetaúrskurði. Allt að einu er það á hendi stjórnvalda og viðkomandi ráðuneytis að gæta almannahagsmuna vegna eignarhalds á ISNIC, svo sem með umræddum forkaupsrétti við mögulegar framtíðarbreytingar á eignarhaldi félagsins.
- Með bréfsendingum til einstakra markaðs- og hagaðila veitti Samkeppniseftirlitið íslenskum internetþjónustuveitendum og Neytendasamtökunum tækifæri til þess að tjá sig um samrunann, möguleg áhrif hans og virkni samkeppni á viðkomandi markaði. Tvær umsagnir bárust þess efnis að viðkomandi fyrirtæki gerðu ekki athugasemdir við viðskiptin.
- Hinn 13. febrúar sl. sendi Samkeppniseftirlitið bréf til samrunaaðila um samkeppnishömlur í kaupsamningi málsins. Nánar tiltekið varðaði bréfið viðbótartakmarkanir og samkeppnisbann í garð þriggja seljenda og fyrrum stjórnenda ISNIC, samkvæmt tilteknum ákvæðum kaupsamningsins. Þannig kvæði kaupsamningurinn á um að þrír tilteknir einstaklingar og fyrrum hluthafar myndu skuldbinda sig til að stunda ekki starfsemi á Íslandi sem sé sambærileg starfsemi ISNIC í samkeppni við félagið eða tengd félög, beint eða óbeint, upp á eigin spýtur eða í félagi við aðra, í 5 ár frá afhendingardegi, nema að undangengnu skriflegu samþykki SÍA IV.



6. Með umræddu bréfi dags. 13. febrúar 2025 upplýsti Samkeppniseftirlitið um það frummat sitt að samkeppnisbann þetta í garð seljenda færi verulega umfram viðmið samkeppnisréttar um lögmætar viðbótartakmarkanir, enda gæfu atvik og gerningar málsins ekki ástæðu til þess að víkja frá viðmiðum í leiðbeiningum framkvæmdastjórnar EB og erlendum dómafordæmum á þessu sviði um hámarkslengd réttlætanlegra samkeppnisbanna þegar um væri að ræða sölu á eignum með tilheyrandi viðskiptavild. Að þessu leyti væru umrædd ákvæði kaupsamningsins og þar með samruninn sem slíkur mögulega til þess fallinn að raska samkeppni með umtalsverðum hætti.
7. Tilkynnandi Stefnir og SÍA upplýstu með bréfum hinn 19. og 24. febrúar sl. að aðilar væru tilbúnir að gera breytingu á ákvæðum kaupsamningsins til þess að stytta umrædd samkeppnisbönn og viðbótartakmarkanirnar í ljósi frummats eftirlitsins. Að vel ígrunduðu máli og í kjölfar samtals aðila teldu þeir rétt að leggja til breytingu á ákvæðum kaupsamningsins þannig að viðbótartakmarkanirnar gildi aðeins í tvö ár frá uppgjörsdegi eins og hugtakið væri skilgreint í 1. gr. kaupsamningsins.
8. Með framangreindum breytingum á kaupsamningi hafa aðilar lagfært þá mögulegu samkeppnishindrun sem undirliggjandi kaupsamningur og þar með samruninn hefði haft í för með sér að að þessu leyti að mati Samkeppniseftirlitsins. Um önnur samkeppnisleg áhrif samrunans liggur fyrir að um samsteypusamruna er að ræða þar sem SÍA og Stefnir starfa ekki á sömu mörkuðum og ISNIC. Þá hafa Stefnir og Arion banki gert sátt við Samkeppniseftirlitið dags. 11. mars 2024 sem gilda mun um eignarhald á ISNIC eins og önnur atvinnufyrirtæki sem sjóðir Stefnis fara með hluti í, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2024, *Samruni Stefnis hf., SRE III slhf. og Heimstaden ehf.*¹
9. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, meðfylgjandi gagna og annarra aðgengilegra upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði. Auk þess leitaði Samkeppniseftirlitið umsagna en markaðsaðilar höfðu engar athugasemdir við samrunann eins og áður sagði. Ljóst er að ISNIC nýtur sennilega markaðsráðandi og eftir atvikum einokunarstöðu á mögulegum markaði fyrir landshöfuðlén. Sú aðstaða verður þó ekki rakin til þessara viðskipta. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum eru ekki vísbendingar um að samruninn styrki markaðsráðandi stöðu eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Með vísan til framangreinds telur Samkeppniseftirlitið hvorki forsendur til íhlutunar í máli þessu né ástæðu til frekari rannsóknar á mögulegum áhrifum samrunans og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa.

Ákvörðunarorð:

„Samruni SÍA IV slhf., Stefnis hf. og Internets á Íslandi ehf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

¹ Markmið sáttarinnar er að sporna gegn skaðlegum hagsmunatengslum eða öðrum samkeppnishindrunum sem stafað geta af yfirráðum Arion, Stefnis eða sérhæfðra sjóða þess í atvinnufyrirtækjum, sem og beinu og óbeinu eignarhaldi hluthafa sjóðanna í keppinautum slíkra atvinnufyrirtækja. Skal Stefnir eins og því frekast er unnt tryggja sjálfstæði atvinnufyrirtækja á þeim mörkuðum sem þau og dótturfélög þess starfa á í samræmi við skilyrði sáttarinnar.